



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Vorönn 2026

TRÉS1VT08

Véltrésmíði

Kennari/kennarar:	Óskar Helgi Guðnason (OHG)	oskar.helgi@fsu.is
	Ari Már Ólafsson (AMO)	arimo@fsu.is

Áfangalýsing:

Í áfanganum eru kennd grunnatriði trésmíða með áherslu á þekkingu og færni í notkun trésamsetninga, límingar, þússning og yfirborðsmeðferð. Haldið er áfram umfjöllun um efnisatriði tréiðna þar sem ítarlegar er farið í ýmsa eðliseiginleika viðar, flokkun, merkingar og þurrkun. Nemendur kynnast notkun algengra tegunda viðarlíms og yfirborðsefna, vinnubrögðum og öryggisþáttum. Í áfanganum læra nemendur áfram grunnatriði í véltrésmíði og notkunarmöguleika trésmíðavéla. Lögð er áhersla á notkunarleiðbeiningar og merkingar á tækjum og búnaði. Mikilvægt er að nemendur læri um ábyrgð sína í umgengni við trésmíðavélar og að takast ekki á við vélavinnu án fullnægjandi undirbúnings, hjálpar og öryggisbúnaðar. Áfanginn er kenndur á námsbrautum fyrir húsasmiði og húsgagnasmiði.

Ath. nemendur hafa þegar farið yfir bók Skjaldar í fyrri áfanga hér við skólann, við munum halda því áfram á þessari önn.

Undanfari: TRÉS1VÁ05 – TRÉS1HV08

Þekkingarviðmið - nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- Vinnuaðstöðu og vinnuumhverfi
- Umgengni, ábyrgð og notkun á algengustu trésmíðavélum
- Öryggisþáttum og viðhaldi trésmíðavéla
- Vinnuaðstöðu og vinnuumhverfi tiltekinna trésmíðavéla
- Smíðafestingum sem notaðar eru í trésmíði
- Einstökum samsetningum og notkunarsviði þeirra
- Þvingum og vinnuaðferðum við samsetningar í trésmíði
- Nöglum og skrúfum og notkun þeirra í trésmíði
- Öryggisreglum fyrir meðferð og notkun einstakra límtegunda
- Grunnatriðum í yfirborðsmeðferð smíðaviðar og plötuefnis
- Helstu yfirborðsefnum á tré og notkunarsviðum þeirra
- Virgni og notkunarsviðum einstakra trésmíðavéla
- Algengustu slysavöldum og slysum í véltrésmíði og afleiðngum þeirra
- Öryggisreglum og öryggisbúnaði sem notaður er í véltrésmíði

Leikniviðmið - nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- Nota áhöld til mælinga og uppmerkinga
- Nota mismunandi tegundir verkfæra, véla og efna
- Nota helstu trésmsetningar við einfalda trésmíði
- Nota mismunandi tegundir verkæra, véla og efna á byggingarstað og verkstæðum
- Skipta um helstu skurðarverkfæri undir eftirliti
- Smíða einfalda hluti í trésmíðavélum undir eftirliti
- Beita algengustu stillingum og nota aukabúnað

Hæfniviðmið - nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Aðlaga sig að mismunandi vinnuumhverfi
- Viðhalda og yfirfara ástand öryggisþátta trésmíðavéla
- Undirbúa verk fyrir yfirborðsmeðferð með pússningu eða slípun
- Bera yfirborðefni á tré með mismunandi hætti
- Beita öryggisreglum og öryggisráðstöfunum við yfirborðsmeðferð
- Smíða einfalda nytjahluti eftir teikningum og verklýsingum
- Beita vinnuskipulagi í trésmíði og fylgja aðgerðarlista við vinnu
- Saga niður og vinna timbur í höndum fyrir endanlega samsetningu
- Mæla og taka úr fyrir smíðisfestingum og setja endanlega upp
- Velja heppilegar trésmíðavélar með hliðsjón af verkefni
- Velja snúnings- og mótunarhraða trésmíðavélar
- Nota algengustu trésmíðavélar til að efna og forma
- Athuga rétta virkni og öryggisbúnað fyrir gangsetningu véla
- Nota viðeigandi öryggisbúnað í hverju tilviki til að fyrirbyggja slys
- Nota rétta staðsetningu og líkamsbeitingu við vélavinnu
- Hreinsa og framkvæma fyrirbyggjandi viðhald á trésmíðavélum

Námsefni:

Efni frá kennara, ljósrit og efni af interneti og vísun í bæklinga og leiðbeiningar frá framleiðendum. Teikningar af tröppu.

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika	Dagsetning	Námsefni og viðfangsefni	Próf og verkefni
1- 4	6- 30. janúar Kennsla hefst fim. 8. janúar.	Lagt af stað – byrjum á að smíða tröppu	

5 - 8	2-27. Febrúar Miðannarmat lokaskil 20.febrúar. Vorfrí 23. – 24. Febrúar. Starfsþróunardagur í FÁ 27.febrúar.	Haldið áfram með tröppuna og farið í umræðu um þekkingarviðmið áfangans	
9 - 12	1-27. Mars. Áfangamessa 4. mars Valdagur 11. mars Kátir dagar og Flóafár 18-20. mars.	Haldið áfram með tröppuna og farið í umræðu um Leikni viðmið áfangans. Sumir lagðir af stað í næsta verkefni	
13 - 16	7.- 30. Apríl 30. Mars -7. Apríl Páskafrí	Haldið áfram að vinna og farið í verkefni tengd viðmiðum áfangans	
17 - 19	4.- 24. Maí Dimissjón 8. maí Síðasti kennsludagur mið. 13. maí. Námsmatsdagar 15. - 19.maí Sjúkrapróf 20. maí. Brautskráning fös. 29. maí.	Ljúka önninni og taka umræður um áfangann og framtíðina	

Sérreglur áfangans:

Vinnufatnaður og öryggismál:

Vinnufatnaður er skilda í tímum, þar með taldir öryggisskór, nemandi fær ekki aðgang að verklegum tímum án þessa búnaðar.

Nemendur temji sér frá fyrsta degi notkun persónuhlífa og fari eftir reglum varðandi öryggishlífar á öllum vélum og verkfærum sem búnar eru slíkum búnaði, kennari kemur til með að fylgja þessu eftir í samstarfi við nemendur.

Ástundun:

Krafa er gerð um góða mætingu, samvinnu og virkni í áfanganum.

Nemendur hafi í huga að góð ástundun er nauðsynleg til að sem mest kunnátta og skilningur á viðfangsefninu náist.

Ætlast er til að nemendur sem hyggjast sækja um dreifnám hjá kennara geri það við upphaf annar á þar til gerðum samningsblöðum.

Mikilvægt er að nemendur standi við gerða dreifnámssamninga.

Raunmæting í verklegra áfanga:

Nemendur verða að gera ráð fyrir að raunmæting í verklega áfanga verður að vera í réttu hlutfalli við hámarksfjarvistarstig hvers áfanga, **sömu reglur gilda um nemendur með opið vottorð.**

Eldri nemendur sem stunda vinnu í sömu iðngrein með skóla geta gert D samning um verklega áfanga sem aldrei er þó með minni mætingarkröfu en 50%.

Reglur um svindl og notkun gervigreindar.

Ef að grunur um ritstuld og/eða óleyfilega notkun á gervigreind vaknar gætu nemendur þurft að gera munnlega grein fyrir verkefni/prófi.

Sömu reglur gilda um notkun gervigreindar við skrif og gilda um heimildaskráningu almennt. **Reglur um heimildaskráningu má finna á heimasíðu skólans.**

Námsmats- og prófsýningardagur:

Námsmats- og prófsýningar alltaf við lok hverrar annar. Hvað er það?

Námsmats- og prófsýning er mikilvægur hluti af náminu því þar færðu:

- tækifæri til að sjá hvernig þér gekk.
- útskýringu á námsmati hvort sem um lokapróf eða símat er að ræða.
- ráðleggingar sem geta nýst þér í áframhaldandi námi.
- tækifæri til að gera athugasemd við niðurstöðu námsmatsins ef þér þykir hún ósanngjörn.

Námsmat:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Ástundun og virkni	Símat þrisvar á önn Mat sést nánar í einkunnaþáttum verkefnis í INNU.	15 %
Verklag og framför	Símat þrisvar á önn Mat sést nánar í einkunnaþáttum verkefnis í INNU.	15 %

Trappa	Teikning,efnistaka, efnisvinsla, samsetning, olía	50 %
Verkefni 2 Val	Tækifæri til að hækka einkunn	10%
Próf	Verkefni tengt bók Skjaldar	10%
Samtals		100%

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Fjölbrautarskóli Suðurlands 15 desember 2026

Óskar Helgi Guðnason og Ari Már Ólafsson

Yfirfarið og samþykkt 15 desember 2025.

Lárus Gestsson fagstjóri.